

Minnisblað um áhrif frumvarps um veiðigjöld

Gunnþór Ingvason

Forstjóri Síldarvinnslunnar hf.

25. apríl 2025



Meginatriði

- Frumvarp um veiðigjald felur í sér meira en tvöföldun.
- Hækkun veiðigjalds hvetur til aðskilnaðar útgerðar og vinnslu sem hefur verið undirstaða virðisaukningar og arðsemi greinarinnar í heild.
- Útflutningsverðmæti makríls nær ekki viðmiðunarverðum frumvarps.
- Uppsjávarfiskur er ekki einsleit vara með tiltekið heimsmarkaðsverð.
- Umræða um ofurhagnað á ekki við, mikilvægt að skoða arðsemi greinarinnar.
- Framlegð skipa þurrkast upp, mun koma niður á endurnýjun skipaflotans.
- Samkeppnishæfni greinarinnar hefur skerst og óvissa í heimsmálum mikil.
- Verðlagning er ekki einhliða ákvörðuð af hálfu útgerðar.
- Fyrirtækin munu þurfa bregðast við, bæði stór og smá.
- Fyrirtæki í Fjarðabyggð fá á sig mikla hækkun.

Yfirlit

Markmið þessa minnisblaðs er að taka saman staðreyndir fyrir hagaðila til að meta framkomnar tillögur um breytingar á lögum um veiðigjald með raunhæfum hætti og út frá réttum tölum og forsendum. Sé áhugi fyrir slíku, er undirritaður tilbúinn að fara yfir og ræða forsendur, tölur og annað sem hér er sett fram enda er brýnt að afdrifaríkar ákvarðanir séu teknar á grundvelli réttra upplýsinga. Vona ég að þetta minnisblað geti komið að gagni þannig að hægt sé að taka upplýsta ákvörðun með þjóðarhag að leiðarljósi.

Eins og málið stendur í dag þurfa sjávarútvegsfyrirtæki að bregðast við boðuðum breytingum á lögum um veiðigjald með hagræðingu og uppsögnum á fólki, auk þess sem fjárfestingar og endurnýjun mun sitja á hakanum. Þar sem markaðir afurða fyrirtækjanna eru erlendis eru ekki forsendur til að fleyta auknum kostnaði út í verðlag. Þá verður að gjalda varhug við að tengja skattlagningu á Íslandi við verð og sjávarútveg í Noregi enda forsendur verðlagningar og áhrifavaldar gerólíkir eins og nánar verður rakið í minnisblaðinu.

Í umræðunni um boðaðar breytingar á veiðigjöldum hefur því ítrekað verið fleygt fram að útgerðin ákveði einhliða verðlagningu afla. Slíkt tal á ekki við rök að styðjast og mun ég sérstaklega fjalla um verðmyndun afla og laun sjómanna.

Það er mikilvægt að stjórnámálamenn kynni sér staðreyndir málsins, hvaða breytingar er verið að boða og hver áhrif af breytingunum geta orðið. Það er verið að boða talsvert meira en tvöföldun á veiðigjöldum, og það sem verra er að breytingarnar stuðla að því að sú samþætting veiða og vinnslu sem hefur komið íslenskum sjávarútvegi í fremstu röð er sett í uppnám.

Ef slíkt er raunin, er ekki síst mikilvægt að greind séu heildaráhrifin en eins og áður getur liggur engin greining fyrir um áhrif hækkunarinnar á samfélagsspor sjávarútvegsins í heild sinni. Bent var á það í *Auðlindinni okkar* að samþættingin hefði gefið íslenskum sjávarútvegi samkeppnisforskot á aðrar þjóðir og voru Noregur og Færeyjar nefndar sérstaklega í því sambandi. Orðrétt segir á blaðsíðu 83:

Verði samþætting innan sjávarútvegsins hindruð eða jafnvel stöðvuð með kröfunni um að allur afli skuli fara á markað mun íslenskur sjávarútvegur glata samkeppnisforskoti sínu. Þetta mun þýða minni tekjur fyrir þjóðarbúið til lengri tíma þótt þetta geti leitt til aukinna tekna ákveðinna aðila innan sjávarútvegsins. Einnig er sennileg forsenda þess að fyrirtæki urðu samþætt aukin hráefnisstjórnun og með því að skylda allan fisk á markað væru forsendur rekstursins brostnar.

Sú verðlagsstýring sem boðuð er í frumvarpinu myndi hafa áþekk áhrif og varað var við í framangreindri skýrslu. Enginn rökstuðningur liggur fyrir um önnur áhrif né greining. Slíkt ber ekki vott um vönduð vinnubrögð.

Kaflaskipting


REKSTRARUMHVERFI OG SAMKEPPNISHÆFNI	3
SKATTSPOR, OFURHAGNAÐUR OG ÁHRIF Á ARÐSEMI SÍLDARVINNSLUNNAR HF.	6
VANMAT VEIÐIGJALDA	8
ÁHRIF Á ÚTGERÐ UPPSJÁVARSKIPA	14
VEIÐIGJÖLD Í FJARÐABYGGÐ	16

Rekstrarumhverfi og samkeppnishæfni

Rekstrarumhverfi sjávarútvegs hefur breyst hratt á undanförunum misserum, í því samhengi ætla ég að sýna gröf sem endurspeglar þróun mikilvægra kostnaðarliða á móti verðvísitölu sjávarafurða frá 2019.

Þegar þróun launa og annarra kostnaðarliða á greinina er skoðuð í samhengi við verðvísitölu sjávarfangs hefðu stjórnvöld fyrri tíma líklega íhugað að grípa til gengisfellingar og stuðnings við greinina í stað þess að auka álögur þar sem viðspyrna hennar var minni. Til allrar hamingju hafa fyrri breytingar leitt til þess að við höfum öflugan sjávarútveg sem getur tekist á við ytri áföll. Sú geta er hins vegar ekki án takmarkana. Það má velta því fyrir sér hvort að við núverandi aðstæður sé skynsamlegt að ráðast í aukna skattheimtu og hækkanir á gjöldum á greinina sem er í harðri alþjóðlegri samkeppni.

Launa- og gengispróun




* Þróun eftsta stígs launaflokks skv. kaupgildisskrá 5A (des 2018 = 100)
 ** Gengisvísitala Seðlabanka Íslands (des 2018 = 100)
 *** Verðvísitala sjávarafurða frá Hagstofa Íslands (des 2018 = 100)

67

Frá árslokum 2019 hafa laun hækkað um 61%, á meðan verðvísitalan hefur hækkað um 36% og gengið um 7% á sama tímabili. Sambærilegar launahækkarnir hafa ekki átt sér stað í samkeppnislöndum okkar.


Þróun veiði- og kolefnisgjalds



* Vísitala miðað við meðelvæði hjá Sildarvinnslan, Bergur, Bergur-Huginn og Vísir 2019-2024 (des 2018 = 100)
 ** Gjaldskrá hjá RSK (des 2018 = 100)
 *** Verðvísitala sjávarafurða frá Hagstofa Íslands (des 2018 = 100)

68

Skattar og gjöld hafa einnig hækkað mikið yfir fyrnefnt tímabil. Veiðigjöld á uppsjávarfisk hafa hækkað um 456%, kolefnisgjald um 106% og veiðigjöld í heild sinni um 160%. Allt eru þetta hækkanir langt umfram verðvísitölu sjávarfangs sem hækkaði um 36% á tímabilinu eins og fram hefur komið.



69

Próun orkukostnaðar er á sama veg. Við sjáum sveiflur í olíukostnaði með kolefnisgjaldi sem er í dag að nálgast 25% af verði olíulíttra og mun þar að auki hækka um fjórðung 1. júní næstkomandi. Raforka hefur hækkað mikið, en forgangsorkan sem við fáum hefur hækkað um 78% á tímabilinu að meðtöldu dreifigjaldi og ötrygga orkan, sem hefur í reynd verið ófáanleg, hefur hækkað um 148% á tímabilinu. Það skal tekið fram að verðin á ötryggri orku í lok árs 2024 og árið 2025 miðast að miklu leyti við forgangsorkuverð.

Minni samkeppnishæfni

Framangreind samantekt á nokkrum kostnaðarstærðum sýnir að samkeppnishæfni greinarinnar hefur minnkað hratt frá árinu 2019. Þannig féll hagnaður Sildarvinnslunnar hf. um 40% á milli árunna 2023 og 2024. Rétt er þó að geta að auk ofangreindra atriði hafði loðnubrestur mikil áhrif.

Greinin mun þurfa að bregðast við breyttu rekstrarumhverfi enda er hún í alþjóðlegri samkeppni. *Þessar hækkningar verða ekki sóttar út á markaðinn með hærri verðum*, heldur verður að hagræða í rekstri og fjárfesta í aukinni verðmætasköpun. Þess vegna er mjög skaðlegt ef stjórnvöld draga úr fjárfestingagetu greinarinnar með hærri veiðigjöldum.

Hagræðingarmöguleikar eru hins vegar ekki óþrjótandi. Stórhækkuð kolefnisgjöld, sem eru ýmist ekki komin til framkvæmda eða eru mun takmarkaðri í nágrannalöndunum, koma niður á samkeppnishæfni, t.d. bræðslufisks. Raforkuskortur og verðhækkningar gera orkuöflun okkar dýrari en samkeppnisþjóða. Þetta er þrátt fyrir það að við höfum fjárfest í rafvæðingu í landi sem býr að einhverjum hagkvæmstu orkukostum í heiminum.

Að hluta er þetta heimatilbúinn vandi sem við þurfum að glíma við á sama tíma og mikil óvissa ríkir í kringum okkur, m.a. vegna stríðsins í Úkraínu og tollamála í Bandaríkjunum. Aðstæður úti í heimi, sem við höfum ekki vald á, hafa mikil áhrif á rekstrarumhverfi okkar enda sjávarútvegur alþjóðlegur. Heimatilbúinnir fjötrar eru því ekki á bætandi.

Skattspor, ofurhagnaður og áhrif á arðsemi Síldarvinnslunnar hf.

Umræðan einkennist af rangfærslum um ofurhagnað og verður að telja sérstaklega slæmt að slíkar rangfærslur séu settar fram af ráðherrum og öðrum ráðamönnum. Hins vegar er horft framhjá mikilvægustu einkennum sjávarútvegarins: áhættu, sveiflum og mikilli fjárbindingu. Loðnubrestur er þekktur, óvissa er um veiði á makríl, en stærstu fjárfestingar fyrirtækja í Fjarðabyggð síðastliðin ár hafa einmitt snúist um aukna verðmætasköpun úr makríl, síld og loðnu.

Í umræðunni er mikið talað um verga hlutdeild fjármagns (EBITDA) hagnað, og oft er talað um þessa kennitölu sem ofurgróða.

EBITDA

EBITDA mælir afkomu félaga fyrir afskriftir og fjármagnsliði og skatta. Kennitalan segir ekki mikið um heildararðsemi og þá sérstaklega ekki í skuldsettum félögum með mikla fjárbindingu í búnaði. Það er alla jafna þannig í fjármagnsfrekum iðnaði að EBITDA hlutfall er hærra, meðal annars vegna þess að það þarf að verja hærra hlutfalli af afkomu í að fjárfesta í endurnýjun á búnaði.

Samfélagsspor samstæðunnar



Verðmætasköpun félagsins hefur viðtæk samfélags og efnahagsleg áhrif. Samfélagssporið gefur heildstæða mynd af öllum opinberum gjöldum og sköttum sem greiddir eru til hins opinbera vegna starfsemi félagsins. Síldarvinnslan greiddi 6,5 milljarða kr. í skatta og gjöld. Félagið innheimti 2,9 milljarða kr. á árinu af starfsfólki fyrir ríkissjóð. Samtals var því samfélagsspor starfseminnar 9,4 milljarðar kr.

Samfélagsspor 2022-2024

Heiti	Flokkur	2024	2023	2022
Tekjuskattur	Greiddir skattar og gjöld	2.479	1.863	1.728
Kolefnisgjald	Greiddir skattar og gjöld	309	315	306
Veiðigjald	Greiddir skattar og gjöld	1.277	1.411	959
Gjöld til hafnarsjóða	Greiddir skattar og gjöld	374	446	413
Tryggingagjald	Greiddir skattar og gjöld	725	823	743
Mótframlag í lífeyrissjóð	Greiddir skattar og gjöld	1.199	1.240	1.128
Önnur gjöld	Greiddir skattar og gjöld	144	205	341
Samtals	Greiddir skattar og gjöld	6.507	6.303	5.618
Staðgreiðsla	Innheimtir skattar	2.942	3.516	3.201
Samtals	Heild	9.449	9.819	8.819

Eins og áður segir dróst hagnaður Síldarvinnslunnar saman um 40% milli áranna 2023 og 2024. Þrátt fyrir þennan mikla samdrátt í hagnaði lækkaði samfélagssporið aðeins um 3,8% og nam **9,5 milljörðum**. Þar af greiddi Síldarvinnslan 6,5 milljarða í skatta og gjöld og innheimti 2,9 milljarða af starfsfólki. Framlag Síldarvinnslunnar til sameiginlegra sjóða hefur því í reynd aukist, óháð afkomunni.


Það er alveg ljóst að *fjárfestingar síðustu ára hafa skilað auknu skattspori*, svo og betri og verðmætari störfum.

Það er því beinlínis ósanngjarnt að hlusta á ráðherra tala um ofurhagnað og að stóraukin gjaldtaka hafi engin áhrif. Það er einfaldlega rangt og ég vona að við getum fært umræðuna nær staðreyndum og raungögnum.

Það er mikilvægt að minna á að Síldarvinnslan hf. er skráð á markað með 3.200 hluthafa. Þannig er hollt að bera saman kennitölur félagsins við önnur félög á markaði. Í því sambandi vil ég benda á greiningu Jakobsson Capital á skráðum sjávarútvegsfélögum og þá 53 milljarða af markaðsvirði sem hann telur að muni þurrkast út vegna hækkunarinnar. *Það er ekki að sjá í þeirri greiningu að fullyrðingar ráðamanna um ofurhagnað og arðsemi eigi við um sjávarútveginn.*

Deloitte hefur tekið saman tölur um samstæðu Síldarvinnslunnar en ásamt móðurfélaginu Síldarvinnslunni erum í samstæðunni Vísir í Grindavík, Bergur Huginn og Bergur í Vestmannaeyjum.

Greina má áhrif boðaðra breytinga á arðsemi Síldarvinnslunnar. Heildareignir félagsins í árslok voru 1059 milljónir bandaríkjadollara og eigið fé 643,1 milljónir eða 60,7%. Eins og sést á næstu mynd er arðsemi eiginfjár 6,9% og 3,4% af markaðsvirði. Eftir breytingar og miðað við gjöldin 2025 er arðsemin komin niður í 5% og 2,5% af markaðsvirði.



Augljóst er að auknar álögur munu leiða til þess að félagið muni þurfa að skera niður og leita leiða til að hagræða enn frekar. Fjárfestingar og framkvæmdir munu þannig þurfa að bíða.

Lífeyrissjóðir og almenningur eiga mikla hagsmuni af arðsömum sjávarútvegi

Fjárfestar og hluthafar munu finna fjármunum sínum betri stað í öðrum og arðbærari atvinnurekstri ef frumvarpið nær í gegn. Af hverju á hluthafi, sem á hlut að virði 1000 krónur, að sætta sig við ávöxtun uppá 35-40 krónur þegar hann getur fengið að lágmarki 80-100 krónur á áhættulausum bankainnistæðum með sömu upphæð. Af hverju að vera nota hagnað í fjárfestingu sem ekki ber meiri ávöxtun.

Ég tel að það hafi verið mikið heillaskref fyrir þjóðina að bæði Síldarvinnslan og síðar Ísfélagið voru skráð á hlutabréfamarkað þar sem Brim var fyrir. Í tilfelli Síldarvinnslunnar eiga lífeyrissjóðir tæplega fjórðung hlutabréfa í félaginu. Við skulum hafa það hugfast að eign lífeyrissjóða er ekkert annað en eign almennings í landinu. Ég hef miklar áhyggjur af því að skilaboðin sem að stjórnvöld eru að senda greininni muni koma í veg fyrir það að við sjáum frekari skráningar sjávarútvegsfyrirtækja á hlutabréfamarkað og loka þar með fyrir frekari aðkomu almennings og lífeyrissjóða að greininni.

Þessi umræða er sjávarútveginum skaðleg. Mín trú er sú að það sé okkur fyrir bestu að reka arðsaman sjávarútveg. Fyrir landsbyggðina er það höfuðatriði þar sem hann gegnir lykilhlutverki.


Vanmat veiðigjalda

Í mínum huga er um algjört vanmat á hækkun veiðigjalda að ræða í greiningum stjórnvalda auk þess sem umræða um verðlagningu afla er á villigötum. Ég mun fara yfir það hvað þessar breytingar þýða fyrir eitt okkar uppsjávarskipa, byggt á raungögnum.

Í fyrsta lagi vil ég benda á að samráðsleysið við undirbúning frumvarpsins sést m.a. á því að tölur stemma ekki. Það er að segja, SFS fær út annað veiðigjald en ráðuneytið. Slíkt er vitaskuld ekki ásættanlegt. Ef ferlið væri gagnsætt ættu báðir aðilar að fá sambærilega niðurstöðu. Að ekki sé hægt að setjast niður og sannmælast um tölur eða deila gögnum þannig að allir séu að meta þetta rétt og eins, er ekki til eftirbreytni. Í útreikningum stjórnvalda er sennilega um mistök að ræða við útdeilingu kostnaðar á móti tekjum sem myndar stofn til veiðigjalds.


Uppsjávarvirðiskeðjan á Íslandi samanstendur af 21 uppsjávarskipi, átta manneldisvinnslum, svo og tíu fiskmjölsverksmiðjum. Allt eru þetta fjárfrekar fjárfestingar þar sem fjárfest hefur verið gríðarlega á undanförunum árum til að auka verðmæti uppsjávaraflans. Á bak við þetta eru um 950 starfsmenn og með fjárfestingunum hafa fylgt verðmætari störf. Til viðbótar er töluverður fjöldi sölu- og markaðsfólk, bakvinnslu, bókhaldi og flutningum.

Sjá mynd hér að neðan en heildarnývirði iðnaðarins er um 530 milljarðar króna.



Í öðru lagi, eins og vikið var að í upphafi, tel ég áætlun um tvöföldun veiðigjalda vera algjört vanmat þegar kemur að uppsjávaraflanum. Rétt er að skoða í því samhengi afla miðað við árið 2024 sem var 551 þúsund tonn, sjá töflu hér að neðan:

Uppsjávarafli Íslendinga 2024




Veiðigjöld hafa nú þegar tvöfaldast á milli áranna 2024 og 2025, en það hefði að mínu mati verið full ástæða fyrir stjórnvöld að greina ástæður þeirrar hækkunar. Hér að neðan er tafla sem sýnir veiðigjöld eftir tegundum, skipt eftir gjöldum árið 2024 og 2025, svo og samkvæmt frumvarpi annars vegar og útreikningum SFS hins vegar. Tölur byggja á því að kostnaði er skipt á tegundir eftir aflaverðmæti.

Veiðigjöld eftir tegundum

	Kolmunni	Makríll	N/Í. Síld	Síld
Veiðigjöld 2024	3,20 kr	1,79 kr	4,12 kr	4,12 kr
Veiðigjöld 2025	4,16 kr	10,43 kr	10,09 kr	10,09 kr
Veiðigjöld 2024 skv. Frumvarpi	2,90 kr	32,40 kr	11,90 kr	10,71 kr
Veiðigjöld 2025 skv. Frumvarpi	4,70 kr	45,60 kr	22,50 kr	20,25 kr
Veiðigjöld 2025 skv. SFS	6,88 kr	32,89 kr	19,76 kr	17,78 kr

Hér að neðan má sjá myndræna framsetningu á ofangreindum upplýsingum um veiðigjöld miðað við afla árið 2024. Þar sést að veiðigjöld hafa nú þegar rúmlega tvöfaldast á milli áranna 2024 og 2025. Ef áhrif frumvarpsins eru skoðuð myndi þetta þýða þreföldun á árinu 2024 og allt að því fimmföldun árið 2025. SFS metur þetta ívið lægra eða rúmlega fjórföldun frá núverandi kerfi.

Samanburður á veiðigjöldum uppsjávarfisk mv. afla 2024



Það segir sig sjálft að þetta eru gríðarlegar hækkanir. Tal um tvöföldun á ekki við rök að styðjast og yfirlýsingar um að útgerðin þoli þetta og sé aðeins að stunda hræðsluáróður er villandi svo ekki sé meira sagt. Engin atvinnugrein þolir viðlíka hækkanir án þess að grípa til róttækrar hagræðingar, einkum og sér í lagi þegar ekki er mögulegt að fleyta hækkunum, a.m.k. að hluta til, út í verðlag. Slíkt er nefnilega ekki í boði hér.


Svo virðist sem engin greining hafi farið fram á vegum stjórnvalda við gerð frumvarpsins á því hvort hækkun veiðigjalda gæti haft áhrif, hvað þá neikvæð áhrif á samfélagsspor sjávarútvegsins. Eins og getið var hér að framan nam samfélagsspor Síldarvinnslunnar 9,5 milljörðum árið 2024. Eru þá ótalin jákvæð áhrif á þau fyrirtæki sem hafa atvinnu af því að þjónusta Síldarvinnsluna.

Epli og appelsínur

Fyrirhugað er að notast við verð á uppsjávarfiski í Noregi en til þess að svo megi vera þyrfti að ganga úr skugga um að um sambærilega afurð sé að ræða. Málið er að makrill og makrill er ekki sami hluturinn og sjávarútvegur í Noregi er ekki uppbyggður eins og á Íslandi. Vil ég útskýra þetta nánar og hvernig stjórnvöld eru í reynd að bera saman epli og appelsínur. Slíkt getur aldrei talist til vandaðra vinnubragða og þarna birtist samráðsleysið enn einu sinni.

Fyrir það fyrsta er verið að bera saman mjög mismunandi nálgun á stýringu virðisbætur á Íslandi og í Noregi, þar sem hún er á einni hendi á Íslandi, auk þess sem við erum einfaldlega með mun minna magn af uppsjávarfiski heldur en Norðmenn.

Í öðru lagi er makríllinn ekki sambærilegur. Við veiðum hann dreifðan langt í burtu, þar sem við þurfum að beita trollveiðarfærum í stað nótar líkt og Norðmenn nota. Fiskurinn sem við veiðum er bráðafeitur og oft fullur af átu sem étur holdið að innan og rýrir þar af leiðandi verðmæti hans. Þess vegna erum við oft í þeirri stöðu að það hefur borgað sig að vinna hann í mjöl og lýsi þar sem hann hefur ekki verið hæfur í manneldisvinnslu sökum mikillar átu. Að auki er manneldisvinnslan okkar að hause og flaka fiskinn til að ná innan úr honum átunni. Á móti er verðmesti fiskurinn heill fiskur frystur á Asíumarkað. Þangað senda Norðmenn 67-70% af sínum afla en okkar heilfrysting fer að stærstum hluta inná austur-Evrópu.




Ég nýtti opinber gögn til að reikna virði afurða okkar Íslendinga árin 2023 og 2024 en studdist við nýtingartölur frá Síldarvinnslunni til að reikna verðmæti upp úr sjó á hvert kg. Stuðst er við aflatölur frá Fiskistofu og útflutning samkvæmt tollskrá frá Hagstofunni.

Afli árið 2023 var tæplega 141 þúsund tonn og 2024 var aflinn tæplega 90 þúsund tonn. Ég tók útflutning frá miðju ári 2023 fram að vertíð 2024 og síðan frá vertíð 2024 út febrúar 2025 til að fá nálgun á heildarframleiðslu og útflutningsverðmæti afurða.

Á myndinni hér að neðan sést ráðstöfun makrílaflans sl. tvö ár. Markvert minna fór í mjöl og lýsi á síðasta ári, m.a vegna þess að lýsisverð voru mun lægri og fiskurinn var í betra ásigkomulagi sem sést m.a. í aukningu á heilfrystum fiski. Þessi heilfrysti fiskur fer að stærstum hluta inná austur-Evrópu, lítillega til Afríku, en afar lítið á Asíumarkað sem er best borgandi. Þá var minna hlutfall hauseð en svipað hlutfall flakað og áður.

Ráðstöfun makríl afla 2023 og 2024



Auk þess að reikna verðmæti út frá útflutningi og framleiðslu að teknu tilliti til nýtingartalna úr vinnslum Síldarvinnslunnar, er stuðst við gangverð á mjöli og lýsi á þeim tíma sem gögnin ná til. Er það gert til að tryggja að tölur séu réttar. Tókst að búa til verðmæti upp á 27 milljarða árið 2023 úr 141 þúsund tonnnum sem gefa 192 kr. á kg. upp úr sjó. Árið 2024 gáfu tæp 90 þúsund tonn af afla um 18,3 milljarða í útflutningsverðmæti eða um 205 kr./kg. upp úr sjó.

Ráðstöfun og verðmæti Makríl framleiðslu 2023 og 2024

2023								
	Afurð	Verðmæti	Meðalv.	Nýting	Hráefni	Hrat	Verðm. Hrat	Samt. Verðmæti kr./hráefnis kíló
Heilfrystur	26.448.797	6.063.768.951	229	96%	27.550.830			6.063.768.951
Hauseður	20.070.126	5.165.883.610	257	67%	29.955.412	9.885.286	137	6.520.167.784
Flök	10.585.785	3.612.578.783	341	38%	27.857.329	17.271.544	137	5.978.780.304
Ferskur	2.192.030	284.022.785	130	100%	2.192.030			284.022.785
Mjöl og Lýsi					53.374.947		154	8.219.741.823
Samtals					140.930.548			27.066.481.647
2024								
	Afurð	Verðmæti	Meðalv.	Nýting	Hráefni	Hrat	Verðm. Hrat	Samt. Verðmæti kr./hráefnis kíló
Heilfrystur	24.083.738	6.728.193.378	279	96%	25.087.227			6.728.193.378
Hauseður	13.901.886	4.073.634.651	293	67%	20.749.084	6.847.198	105	4.792.590.397
Flök	6.767.148	2.533.044.061	374	38%	17.808.284	11.041.136	105	3.692.363.363
Ferskur	1.855.864	222.984.978	120	100%	1.855.864			222.984.978
Mjöl og Lýsi					24.114.613		120	2.893.753.575
Samtals					89.615.072			18.329.885.691

Verðlagning uppsjávarafla

Verðlagning á uppsjávarafla frá skipi miðast við að lágmarki 33% af afurðaverðmæti sé greitt fyrir manneldisfisk og 55% fyrir bræðslufisk. Eru þessi verð í samkomulagi við sjómenn og hafa verið um áratugi. Verðlagsstofa skiptaverðs fylgist með verðunum og er farið yfir allar tölur með sjómönnum eftir vertíð og öll útflutningsverð þannig upp á borðum. Allt tal um að þetta sé einhliða í höndum útgerða er því rangt.

Það er afar villandi þegar þessi skattahækkun er dulbúin sem svokölluð leiðrétting. Slíkt bendir til þess að eitthvað hafi verið rangt og þurfi að leiðrétta. Það er ekki staðan. Enn fremur er skattahækkunin falin með villandi umræðu um „rétt verð“ eða „heimsmarkaðsverð“. Það er ekki til á svona hráefni enda ekki um einsleita vöru að ræða.

Á sér engin virðisaukning stað í landi?


Þegar skoðað er hvað þetta þýðir skv. frumvarpinu þá átti aflaverðmæti makríls að vera kr. 208 árið 2023 eða sem nemur 16 krónum hærra en útflutningsverðmæti makrílsins upp úr sjó hjá Íslendingum. Felur það í sér að öll virðisaukningin sem búin er til í landi, af 650 starfsmönnum, og til þess nýttar fjárfestingar að nývirði um 370 milljarða, eru einskis virði. Samkvæmt frumvarpinu var viðmiðunarverð í Noregi árið 2024 233 kr./kg. sem er 28 krónur umfram útflutningsverðmæti. Þetta er nálgun stjórnvalda sem þau kalla markaðsverð og leiðréttingu. Þá vilja þau jafnframt meina að verð til skipa hefðu átt að vera 4,7 milljarðar umfram útflutningsverðmæti afurða reiknað á hráefniskílógramm. Þetta undirstrikar að frumvarpið er byggt á forsendum sem ganga ekki upp.

Makríll útflutningsverðmæti og viðmiðunarverð frumvarps

Ár	Útflutningsverðmæti kr/kg	Viðmiðunarverð frumvarps	Mism. Kr/kg upphæð (í 1.000 króna)	Viðmiðunarverð /útflutningsverð
2023	192 kr	208 kr	- 16 kr	2.254.889 kr
2024	205 kr	233 kr	- 28 kr	2.509.222 kr

Hér fyrir neðan er sýnd þróun veiðigjalda uppsjávartegunda sl. ár án frumvarps. Hérna sést vel hvaða stökk uppsjávarfiskur tók 2025 án þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Þróun veiðigjalda uppsjávartegunda kr/kg slægt



Áhrif á útgerð uppsjávarskipa

Mikilvægt er að setja ofangreint í samhengi og því gott að skoða raunhæft dæmi. Nærtækt er því að horfa á Bökk NK, eitt nýjasta og hagkvæmasta skip flotans, sem kom nýr til landsins árið 2021. Nýtt sambærilegt skip myndi í dag kosta um níu milljarða. Hér fer ég yfir rauntölur úr áætlunum Síldarvinnslunnar fyrir Bökk.

Afli hans er áætlaður 50 þúsund tonn árið 2025, sbr. tafla hér að neðan, og aflaverðmæti 2.050 milljónir. Hérna hef ég stillt upp þremur sviðsmyndum.

Sviðsmynd 1: Veiðigjöld í núverandi mynd, gefur 18,3% framlegð upp á 371 milljónir króna.

Sviðsmynd 2: Veiðigjöld samkvæmt frumvarpi ráðherra, framlegð 1,1% eða 22 milljónir króna.

Sviðsmynd 3: Veiðigjöld eins og þau voru árið 2024, framlegð 25,6% eða 522 milljónir króna.

Bökkur áætlun 2025		
Tegund	Afli	Tekjur
Loðna	-	-
Síld	5.950	324.948
Kolmunni	32.867	986.429
Loðna (F)	-	-
Loðnuhrogn	-	-
Síld (N/Í)	5.700	302.184
Makríll	5.700	423.851
Samtals	50.217	2.037.411

	Sviðsmynd 1		Sviðsmynd 2		Sviðsmynd 3	
	Veiðgj. 2025		Veiðigj. Frumv. 2025		Mv. Veiðigj. 2024	
Rekstrartekjur						
Aflaverðmæti	2.037.411.357		2.037.411.357		2.037.411.357	
Samtals rekstrartekjur	2.037.411.357		2.037.411.357		2.037.411.357	
Rekstrargjöld:						
Laun og launatengd gjöld	554.187.542	27,2%	554.187.542	27,2%	554.187.542	27,2%
Orka	454.393.885	22,3%	454.393.885	22,3%	454.393.885	22,3%
Löndunar- og hafnargj.	43.705.053	2,1%	43.705.053	2,1%	43.705.053	2,1%
Veiðarfæri	120.000.000	5,9%	120.000.000	5,9%	120.000.000	5,9%
Viðhald	90.000.000	4,4%	90.000.000	4,4%	90.000.000	4,4%
Veiðigjöld	319.966.220	15,7%	669.372.400	32,9%	169.615.400	8,3%
Annar kostnaður	83.257.512	4,1%	83.257.512	0	83.257.512	0
Rekstrargjöld alls	1.665.510.212	81,7%	2.014.916.392	98,9%	1.515.159.392	74,4%
Framlegð	371.901.144	18,3%	22.494.964	1,1%	522.251.964	25,6%


Hafa þarf í huga að framlegð er ekki hagnaður sem fer í vasa útgerða, heldur er það afkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði. Nær undantekningalaust eru skip fjármögnuð að hluta með lánsfé. Hér miða ég við 50% lánsfjármögnun á 6% meðalvöxtum sem gefur vaxtakostnað upp á rúmar 280 milljónir króna á ári. Síðan er einnig bókhaldsleg afskrift upp á 255 milljónir sem tekur tillit til þess kostnaðar sem þarf að verja í endurnýjun og viðhald á skipinu. Í öllum sviðsmyndum verður tap á rekstri skipsins og verður það samkvæmt okkar útreikningum yfir hálfur milljarðar miðað við boðað frumvarp.

	Sviðsmynd 1	Sviðsmynd 2	Sviðsmynd 3	Forsendur	
Framlegð	371.901	22.495	522.252	Verð skips	8.500.000
Afskriftir	281.600	281.600	281.600	Lánsfé 50%	4.250.000
Vextir	255.000	255.000	255.000	Vextir 6%	255.000
Hagnaður/tap -	164.699	- 514.105	- 14.348	Afskriftir	281.600

Nánar um laun sjómanna

Við höfum verið sökuð um að svindla á sjómönnum og þar með sveitarfélögum í gegnum útsvarsgreiðslur. Mynd að neðan sýnir laun á úthaldsdag uppsjávarskipa okkar á síðasta ári auk fjölda úthaldsdaga. Þar sést að uppsjávarskipin skera sig úr þegar kemur að launum og afkomu. Á uppsjávarskipum eru tveir um hverja stöðu. Þetta eru með launahæstu störfum í íslenskum sjávarútvegi og í raun á landinu.

Laun á uppsjávarskipum SVN 2024



Skattlagning án hliðstæðu í sjávarútvegi á heimsvísu

Samkvæmt okkar áætlun fyrir árið 2025, hækka veiðigjöldin um 1.500 milljónir á þann afla sem fer gegnum uppsjávarvinnslur félagsins skv. frumvarpinu.

Móttaka í vinnslu

	Magn	Veiðigj. 2024	Veiðigj. 25	Veiðigj. 25 FRV
Síld	28.600.000	117.832.000	288.574.000	579.150.000
Síld (N/Í)	22.300.000	91.876.000	288.574.000	501.750.000
Kolmunni	108.000.000	345.600.000	449.280.000	507.600.000
Makrill	28.750.000	51.462.500	299.862.500	1.311.000.000
Hráefni alls	152.450.000	606.770.500	1.326.290.500	2.899.500.000

Ef þessi skattahækkun væri tekin af vinnslunum hverfur stór hluti af framlegð þeirra. Fyrirhugað frumvarp felur í sér ofurskattlagningu á íslenskan uppsjávariðnað. Á þetta sér enga hliðstæðu meðal annarra fiskveiðipjóða í heiminum.

Veiðigjöld í Fjarðabyggð


Ef við skoðum veiðigjöld í Fjarðabyggð þá voru þau um 1,8 milljarður 2024. Til að fá samanburðarhæfar tölur er rétt að skoða mismunandi sviðsmyndir um áhrif frumvarpsins út frá sama afla og greitt var af á árinu 2024.

Eins og áður hefur komið fram þá tvöfaldast uppsjávarhlutinn milli áranna 2024 og 2025 áður en boðuð hækkun kemur til álita og hækka veiðigjöldin þá þegar í 2.5 milljarða. Sé tekið tillit til breytinga í frumvarpinu, fara veiðigjöld í hátt í 5 milljarða.

Bolfiskur	Núverandi lög		Útreikningar SFS		Útreikningar ráðuneyti
	2024	2025	2024	2025	2025
Þorskur	641	690	1.180	1.274	1.096
Ýsa	288	261	567	460	322
Ufsi	59	67	96	112	59
Langa	36	34	51	50	36
Karfi	48	65	109	118	48
Annar bolfiskur	31	33	44	45	31
Afsláttur	- 28	- 28	- 28	- 28	- 28
Samtals	1.075	1.122	2.019	2.031	1.564


Uppsjávarfiskur	Núverandi lög		Útreikningar SFS		Útreikningar ráðuneyti
	2024	2025	2024	2025	2025
Kolmunni	530	688	742	1.129	778
Makríll	57	330	646	1.041	1.444
Síld	166	407	452	796	907
Samtals	752	1.425	1.841	2.967	3.128

Veiðigjöld í Fjarðabyggð miðað við afla ársins 2024



Í þessum tölum eru bolfiskfélög Síldarvinnslusamstæðunnar, Vísir og Bergur Huginn, og tæplega 600 milljónir af bolfiskgjöldum eru vegna þeirra, sbr. taflan hér að neðan. Þetta sýnir hve uppsjávarhlutinn skiptir Fjarðabyggð hlutfallslega miklu máli.

Veiðigjöld félaga í Fjarðabyggð 2024



Það þarf enginn að velkjast í vafa um að hækkun á veiðigjöldum á þessi þrjú félög í Fjarðabyggð uppá þrjá milljarða mun bitna á uppbyggingu þeirra, svo ekki sé talað um önnur fyrirtæki og þjónustu í Fjarðabyggð sem treysta á félögin.

Til viðbótar þessu koma skerðingar vegna strandveiða mjög illa við Fjarðabyggð en fyrir hvert eitt tonn sem landað er í sveitarfélaginu af strandveiðiafla eru tekin 25 tonn í burtu frá félögunum í Fjarðabyggð.

Grundvallaratriði í umræðu um sjávarútveg og réttmæti boðaðra hækkana á veiðigjöldum er að umræðan byggist á réttum forsendum og að komið sé fram af heilindum um hver tilgangur og markmið breytinganna á að vera. Ég er boðinn og búinn að ræða fyrirhugaðar breytingar og innihald þessa minnisblaðs og er velkomið að hafa samband við mig fyrir nánari skýringar og upplýsingar.

Virðingarfyllst,

Gunnþór Ingvason

Forstjóri Síldarvinnslunnar hf.